

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 29. nóvember 2018 í máli nr. E-413/2018:

**Ólafur Bjarni Stefánsson**

*(Jónas Þór Jónasson lögmaður)*

**gegn**

**HB Granda hf.**

*(Guðmundur Siemsen lögmaður)*

## I.

*Dómkröfur o.fl.:*

Mál þetta var höfðað 7. febrúar 2018 og dómtekið 7. nóvember sama ár. Stefnandi er Ólafur Bjarni Stefánsson, [...],[...]. Stefnandi er HB Grandi hf., Norðurgarði 1, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2.636.527 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 2.168.697 krónum frá 15. maí 2017 til 15. júlí sama ár, en af 2.636.527 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins og tekið verði tillit til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda, auk málskostnaðar úr hendi stefnanda.

## II.

*Málsatvik:*

Stefnandi hefur frá árinu 2000 starfað sem matsveinn á fiskiskipinu Örfirisey RE-4 í eigu og útgerð stefnda. Umrætt fiskiskip, sem hefur auðkennið 2170 í skipaskrá, er frystitogari og er heimahöfn þess í Reykjavík. Verkfall sjómanna á fiskiskipum hófst 14. desember 2016 og stóð til 19. febrúar 2017 þegar því var aflýst er samningar náðust milli deiluaðila og sjómenn samþykktu kjarasamning við atkvæðagreiðslu. Stéttarfélag stefnanda, Sjómannafélag Íslands, stóð meðal annars að verkfallinu. Fyrsta veiðiferð Örfiriseyjar RE-4 hófst sama dag og verkfallinu lauk og var áhöfn skipsins lögskráð þann sama dag.

Samkvæmt yfirliti trúnaðarlæknis stefnda var stefnandi óvinnufær vegna veikinda frá 17. janúar 2017 til 1. ágúst sama ár. Stefnandi var í gildu ráðningar sambandi við stefnda þegar hann varð óvinnufær. Þá átti hann rétt til veikindalauna í allt að fjóra mánuði sökum starfsaldurs, nánar tiltekið fyrstu tvo mánuðina á

staðgengilslaunum og næstu tvo mánuði á kauptryggingu, sbr. 1. og 2. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Stefnandi fór næst í veiðiferð á fyrrgreindu fiskiskipi sem hófst 9. ágúst 2017. Aðila greinir á um við hvaða tímamark skuli miða upphaf veikindalaunatímabils stefnanda og hvernig eigi að fara með fjárhagslegt uppgjör í því sambandi.

### III.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda:*

Stefnandi byggir kröfu sína á því að stefnda verði gert að greiða honum van greidd veikindalaun samkvæmt 36. gr. laga nr. 35/1985 og grein 1.21 kjarasamnings Sjómannasambands Íslands (SSÍ) og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) út af óvinnufærni vegna veikinda. Stefnandi vísar til þess að hann hafi verið í ráðningarsambandi við stefnda þegar hann varð óvinnufær 17. janúar 2017. Á þeim tíma hafi staðið yfir verkfall sjómanna á fiskiskipum sem hafi lokið 19. febrúar sama ár. Stefnandi vísar til þess að samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985 skuli skipverji í launalausú frii, þegar hann veikist eða slasast, taka laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Fyrsta veiðiferð Örfiriseyjar RE-4 að loknu verkfalli hafi verið farin 19. febrúar 2017. Að því virtu, og með vísan til fyrrgreinds lagaákvæðis samkvæmt almennri orðskýringu, hafi réttur stefnanda til tveggja mánaða staðgengilslauna byrjað að telja frá og með þeim tíma.

Stefnandi byggir á því að sú aðferð stefnda að láta tveggja mánaða rétt stefnanda til staðgengilslauna byrja að telja við upphaf óvinnufærni hans 17. janúar 2017 og greiða honum aðeins staðgengilslaun í um einn mánuð, í stað tveggja, eigi sér ekki stoð í 36. gr. laga nr. 35/1985 og gangi gegn ótvíraðu ákvæði sérreglu 2. másl. 1. mgr. þeirrar lagagreinar. Stefnandi byggir á því að þar sem hann hafi orðið óvinnufær í miðju verkfalli þá geti réttur hans til veikindalauna samkvæmt laga ákvæðinu aldrei byrjað að telja fyrr en við upphaf fyrstu veiðiferðar að loknu verkfalli. Stefnandi bendir á að ef hann hefði orðið óvinnufær í frítúr áður en verkfallið skall á og misst af næstu veiðiferð vegna verkfallsins þá mætti færa rök fyrir því að réttur hans til forfallalauna hefði byrjað að telja við upphaf þeirrar veiðiferðar sem ekki var farið í sökum verkfallsins. Við þær aðstæður hefði réttur stefnanda til staðgengilslauna fallið inn í verkfallstímamann með þeim afleiðingum að launaréttur hans glataðist meðan á verkfalli stóð, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 306/1995, sem birtur er í dómasafni 1996 á bls. 3309. Atvik í máli stefnanda séu hins vegar með allt öðrum hætti en í fyrrgreindum Hæstaréttardómi og sá dómur hafi því ekki fordæmisgildi við úrlausn máls stefnanda. Í því máli hafi verið deilt um upphafstíma staðgengilslaunatímabils sjómanns sem slasast hafi um borð í

fiskiskipi en í tilviki stefnanda sé óvinnufærni hans vegna veikinda sem komið hafi til á milli veiðiferða. Stefnandi telur að ákvæði laga nr. 35/1985 og dóma framkvæmd geri skýran greinarmun á upphafstíma staðgengilslaunatímabils sjómanns, annars vegar sem slasast eða veikist við vinnu um borð í skipi og kemur óvinnufær í land, og hins vegar sjómanns sem verði óvinnufær á milli veiðiferða.

Í stefnu er einnig gerð nánari grein fyrir fjárkröfu með sundurliðun og tölulegum forsendum og á hvaða grundvelli þær forsendur eru reistar. Hið sama á við um dráttarvaxtakröfu. Með hliðsjón af úrlausn málsins þykja ekki efni til að greina nánar frá málsástæðum og lagarökum stefnanda að þessu leyti, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 10. gr. laga nr. 78/2015. Um lagarök að öðru leyti vísar stefnandi til ákvæða laga nr. 35/1985, einkum 36. gr. þeirra laga. Stefnandi vísar einnig til kjarasamninga SSÍ og SFS, einkum til gr. 1.03 og 1.21. Enn fremur byggir stefnandi á almennum reglum vinnuréttarins um greiðslu vinnu, veikinda- og slysalauna. Þá vísar stefnandi til ákvæða í lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, auk ákvæða í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Um dráttarvexti vísar stefnandi til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, auk framangreinds kjarasamnings. Til viðbótar vísar stefnandi til 129. gr., 130. gr. og 131. gr. laga nr. 91/1991 varðandi máls kostnað, auk ákvæða í lögum nr. 50/1988 vegna virðisaukaskatts út af slíkum kostnaði.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda:*

Stefndi vísar til þess að um ágreining aðila fari eftir ákvæðum laga nr. 35/1985 en í þeim lögum sé kveðið á um réttindi sjómanna vegna óvinnufærni. Stefnandi vísar einnig til gildandi kjarasamnings SFS og SSÍ en þar sé vísað til 36. gr. fyrrgreindra laga varðandi slysa- og veikindarétt skipverja. Í 1. málslið þeirrar lagagreinar komi fram sú meginregla að verði skipverji á ráðningartíma óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla þá eigi hann rétt á staðgengilslaunum svo lengi sem hann sé óvinnufær en þó ekki lengur en tvo mánuði. Stefnandi vísar til þess að tilgangur reglunnar sé sá að gera skipverja eins settan fjárhagslega og ef forföll hefðu ekki orðið.

Stefndi byggir á því að samkvæmt meginreglu vinnuréttar og viðtekinni venju sé upphaf á greiðslu veikindalauna vegna óvinnufærni miðað við tímamark þegar starfsmaður verði óvinnufær. Við annað og síðara tímamark sé ekki miðað nema sér stakar aðstæður eigi við. Meginreglan endurspeglar meðal annars í orðalagi 1. másl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985 en þar sé kveðið á um að skipverji skuli ekki missa neins af launum sínum *svo lengi sem hann er óvinnufær* með þeim skilmálum sem nánar greinir í lögnum. Samkvæmt orðanna hljóðan sé veikindalaunatímabili því að meginreglu ætlað að fara saman við tímamark óvinnufærni skipverja. Þá

vísar stefndi jafnframt til þess að í dómaframkvæmd hafi réttur til greiðslu veik indalauna verið miðaður við tímamark óvinnufærni jafnvel þótt skipverji hafi verið í frítúr samkvæmt róðrafyrirkomulagi skipa, sbr. til dæmis Hæstaréttardóm frá 17. janúar 2013 í máli nr. 400/2012 og Hæstaréttardóm frá 12. febrúar 2015 í máli nr. 412/2014. Að mati stefnanda megi draga þá ályktun af dómunum að veik indalaunatímabil starfsmanns hefjist við tímamark óvinnufærni.

Stefndi mótmælir alfarið því sjónarmiði stefnanda, að líta beri á fyrrgreint sjó mannaverkfall sem launalaust frí stefnanda í skilningi 2. másl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985. Stefndi vísar til þess að verkfall sé sameiginleg vinnustöðvun stéttarfélagi, sem feli í sér að launamenn leggi niður vinnu til að knýja fram breytingar eða ákvarðanir um kaup sín og kjör, að uppfylltum formskilyrðum laga nr. 80/1938. Í verkfalli falli niður helstu skyldur ráðningarsamninga, nánar tiltekið skylda atvinnurekanda til launagreiðslna og vinnuskylda starfsmanns. Ráðningarsambandið haldist engu að síður óbreytt. Stefndi bendir á að það sé raunar ekki aðeins skyldan til launagreiðslu sem falli niður í verkfalli heldur sé atvinnurekanda óheimilt að taka við vinnuframlagi starfsmanns og greiða honum laun þegar þannig standi á. Þegar verkfalli ljúki rakni hins vegar við að nýju skyldur aðila í vinnusambandi. Eðli málsins samkvæmt eigi atvinnurekandi enga aðkomu að ákvarðanatöku um verkfall stéttarfélags og hafi þar af leiðandi ekkert að segja um tilhögun þess, svo sem um upphaf og lok vinnustöðvunar. Verkfall eigi því ekkert skylt við þær aðstæður þegar starfsmaður fari í tímabundið launalaust leyfi frá störfum á grundvelli samkomulags atvinnurekanda og starfsmanns.

Stefndi áréttar sérstaklega að ekkert samkomulag hafi verið milli hans og stefnanda um að stefnandi væri í launalausum frí frá störfum þegar hann veiktist og varð óvinnufær enda hafi engin slík beiðni borist frá stefnanda. Stefndi vísar jafnframt til þess að grundvallarmunur á verkfalli og launalausum leyfi endurspeglar í því að verkfall hafi eftir atvikum ekki áhrif á ávinnslu veikindaréttar þar sem vinnustöðvun teljist til vinnutíma þegar lengd veikindaréttar sé metin. Að þessu virtu byggir stefndi á því að veikindaréttur tæmist í verkfalli ef veikindatímabil starfsmanns fellur til á meðan verkfall varir. Stefndi áréttar að veikindalaunatímabil hefjist við tímamark óvinnufærni og verkfall raski því ekki en þegar þannig stendur á falli þó niður réttur starfsmanns til greiðslu veikindalauna eins og almennt á við um launagreiðslur.

Stefndi byggir jafnframt á því að túlkun stefnanda á ákvæði 2. másl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985, sem liggja til grundvallar kröfugerð hans í málinu, eigi sér enga stoð í orðalagi ákvæðisins en þar sé afdráttarlaust vísað til *launalauss frís*. Að mati stefnda hefði löggjafanum verið í lófa lagið að kveða á um það í ákvæðinu hefði vilji hans staðið til þess að leggja sameiginlega vinnustöðvun stéttarfélaga til

jafns við launalaust frí einstakra starfsmanna við ákvörðun á upphafstíma veikindalaunatímabils.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur stefndi einsýnt að réttur stefnanda til greiðslu veikindalauna hafi stofnast þegar hann varð óvinnufær og að tímabil veikindalauna hafi byrjað að líða við sama tímamark, nánar tiltekið 17. janúar 2017. Vegna verkfallsins hafi skylda stefnda til greiðslu veikindalaunanna fallið niður uns því var aflýst 19. febrúar sama ár. Við það tímamark hafi raknað við skylda stefnda til greiðslu veikindalauna til stefnanda. Að því virtu hafi stefndi greitt stefnanda staðgengilslaun vegna tímabilsins frá 20. febrúar 2017 til 20. mars sama ár. Hafi það verið til samræmis við það að veikindalaunatímabil stefnanda hafi hafist við tímamark óvinnufærni. Þá hafi stefndi næst greitt kauptryggingu í tvo mánuði til samræmis við 2. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985. Stefndi byggir þannig á því að hann hafi staðið við allar greiðsluskuldbindingar sínar gagnvart stefnanda miðað við framangreint og því beri að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Að lokum bendir stefndi á að nái kröfugerð stefnanda fram að ganga þá myndi það leiða til þess að vikið yrði frá þeirri grundvallarreglu sem að framan greinir, nánar tiltekið að skyldur atvinnurekenda til launagreiðslna falli niður á meðan á verkfalli stendur með sama hætti og vinnuskylda starfsmanna. Næði krafa stefnanda fram að ganga með þeim rökum sem hann byggir á þá gætu starfsmenn knúið atvinnurekendur til þess að greiða full veikindalaun vegna óvinnufærni með því að framvísa vottorðum um óvinnufærni á meðan vinnustöðvun stæði yfir þrátt fyrir að veikindatímabil falli að hluta innan tímabils vinnustöðvunar. Það myndi fela það í sér að sjómaður sem yrði óvinnufær á meðan verkfall stæði yfir gæti hagnast á forföllunum þar sem hann fengi greidd veikindalaun sem hefðu átt að falla niður á tímabili vinnustöðvunar. Að mati stefnda væri slík niðurstaða óhugsandi með öllu enda ætti hún sér enga stoð í ákvæðum 36. gr. laga nr. 35/1985 og væri í engu samræmi við eðli og tilgang reglna um rétt til launa í veikinda- og slysaförföllum.

Um lagarök að öðru leyti vísar stefndi til ákvæða í lögum nr. 35/1985, einkum 36. gr. þeirra laga, auk almennra meginreglna vinnuréttarins og ákvæða í lögum nr. 80/1938. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefndi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

#### IV.

##### *Niðurstöður:*

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 35/1985 tekur skipverji kaup frá og með þeim degi sem hann kemur til vinnu á skipinu og þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips tekur hann kaup frá og með þeim degi er sú ferð hefst. Þá

skal skipverji samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. sömu lagagreinar taka kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður. Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985 skal skipverji eigi missa neins af launum sínum í tvo mánuði, í hverju sem þau eru greidd, ef hann verður óvinnu fær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur. Þá er í 2. málsl. 1. mgr. sömu lagagreinar kveðið á um að sé skipverji í launalausú frii er hann veikist eða slasast þá taki hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju.

Framangreind ákvæði í lögum nr. 35/1985, auk ákvæða samkvæmt 2.–5. mgr. 36. gr. sömu laga, eru að mestu leyti samhljóða 1.–7. mgr. 18. gr. eldri sjómanna laga nr. 67/1963, sbr. 1. gr. laga nr. 49/1980. Það sem helst skilur á milli er flokkun ákvæðanna í hinum nýju lögum, auk annarra skyldra ákvæða, sem er í breyttri mynd frá því sem áður var í hinum eldri lögum. Annars vegar er ákvæðum 1. og 2. mgr. 27. gr. laganna, um kaup til skipverja, sbr. áður 1. og 2. mgr. 18. gr. hinna eldri laga, skipað í kafla II.5 auk fleiri ákvæða um sama efni. Hins vegar er ákvæðum 1.–5. mgr. 36. gr. laganna, um óvinnufærni skipverja, sbr. áður 3.–7. mgr. 18. gr. hinna eldri laga, skipað í kafla II.6 auk fleiri ákvæða varðandi veikindarétt o.fl. Samkvæmt framangreindu var eldri ákvæðunum skipað saman með samfelldum hætti í einni lagagrein en í hinum nýju lögum var ákvæðunum skipt upp í tvær lagagreinar og með breyttri kaflaskipan. Í almennum athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 35/1985 greinir meðal annars að ekki hafi átt að gera neinar veigamiklar breytingar á réttarstöðu skipshafna frá því sem var í hinum eldri lögum. Efnisskipan frumvarpsins hafi hins vegar tekið nokkrum breytingum, meðal annars í því skyni að gera hin nýju lög í heild aðgengilegri til notkunar en áður var. Þá liggur fyrir að 36. gr. frumvarpsins var breytt eftir fyrstu umræðu í efri deild Alþingis, til samræmis við 3.–7. mgr. 18. gr. þágildandi laga laga nr. 67/1963, sbr. 1. gr. laga nr. 49/1980. Í nefndaráliti samgöngunefndar efri deildar, eftir fyrstu umræðu, var tekið fram að fyrrgreind breyting á frumvarpinu hafi verið gerð þar sem ekki þótti rétt að hrófla við ákvæðum um svokallaða *staðgengilsreglu* eins og verið hafi samkvæmt hinum eldri lögum. Þá var frumvarpið í framhaldi lögfest í núverandi mynd að teknu tilliti til fyrrgreindrar breytingar.

Sjómenn á fiskiskipum taka almennt laun samkvæmt kjarasamningum sjómanna á svokölluðu *skiptimannakerfi*. Í meginatriðum felur það í sér að sjómenn fá greidd laun frá útgerð þegar þeir eru við störf á fiskiskipi í veiðiferð en ekki þegar þeir eru í frii í landi. Að þessu virtu og með vísan til 1. og 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985, auk framangreindrar umfjöllunar um samspil þessara ákvæða við ákvæði í eldri lögum, þá ber að gæta samræmis við skýringu

ákvæðanna og leggja til grundvallar að hugtakið *launalaust frí* samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 36. gr. laganna taki til þess tímabils þegar sjómaður er í landi á milli veiði ferða.

Stefnandi reisir málatilbúnað sinn á því að hann hafi verið í launalausum frí þegar hann veiktist og kom fram í málflutningi lögmanns hans við aðalmeðferð að hann hefði verið í slíku frí á grundvelli skiptimannakerfis. Að því virtu fari um réttarstöðu hans varðandi veikindarétt samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985. Af hálfu stefnda var því mótmælt við aðalmeðferð að sú málsástæða kæmist að í málinu, að stefnandi hafi verið í launalausum frí á grundvelli skiptimannakerfis, þar sem ekki væri byggt á þeirri málsástæðu í stefnu. Á þetta verður ekki fallist með stefnda. Í því sambandi ber að líta til þess að samkvæmt stefnu byggir stefnandi á því að hann hafi orðið óvinnufær vegna veikinda sem komu til *milli veiðiferða*. Þá var lögmaður stefnanda, með því að vísa til skipti manakerfis í málflutningi við aðalmeðferð, að skýra málatilbúnaðinn frekar að þessu leyti með tilliti til lagaraka og ákvæða í kjarasamningi SSÍ og SFS, auk þess sem hann var að svara staðhæfingu í greinargerð stefnda um að ekkert samkomulag hefði verið milli aðila um að stefnandi væri í launalausum frí. Í gögnum málsins greinir að stefnandi hafi á árinu 2016 verið lögskráður á Örfirisey RE-4 frá 2. janúar til 3. febrúar, frá 8. mars til 7. apríl, frá 9. maí til 3. júní, frá 8. júlí til 4. september, og frá 13. október til 18. nóvember. Þá hafi stefnandi á árinu 2017 verið lögskráður á sama skip frá 9. ágúst til 6. september og frá 13. október til 21. nóvember. Af þessu verður dregin sú ályktun að stefnandi hafi í vinnusambandi sínu við stefnda að jafnaði verið um það bil einn mánuð á sjó og einn mánuð í landi og það hafi verið vegna þess að hann var á skiptimannakerfi. Staðhæfingar stefnda um að samkomulag hafi ekki tekist með aðilum um að stefnandi væri í launalausum frí eru þannig haldlausar.

Af framlögðu yfirliti frá Fiskistofu, dagsettu 6. febrúar 2018, um landanir á afla úr Örfirisey RE-4, verður ráðið að skipið hafi verið á sjó eftir 18. nóvember 2016 og þar til verkfall sjómanna hófst 14. desember sama ár, en á því tímabili var stefnandi í landi. Tvær landanir eru skráðar á skipið í heimahöfn þess dagana 6. og 19. desember 2016. Í málflutningi lögmanns stefnda við aðalmeðferð kom meðal annars fram að ef ekki hefði komið til umrædds verkfalls þá hefði skipinu næst verið haldið til veiða 2. janúar 2017, að loknu jólaleyfi. Í því sambandi var vísað til lögskráningaryfirlits stefnanda vegna janúarmánaðar árinu á undan, 2016, en á því ári hefði skipinu verið haldið til veiða fyrrgreindan dag í janúar. Þar með standi líkur til þess að hið sama hefði verði uppi í ársbyrjun 2017 ef ekki hefði komið til verkfalls og þá hefði veikindaréttur stefnanda verið gerður upp miðað við þá veiðiferð. Af hálfu stefnanda var því ekki andmælt að framangreindar staðhæfingar

kæmust að í málinu en því var hins vegar haldið fram sem gagnrökum, að ekki hafi legið fyrir hvenær næsta veiðiferð átti að byrja vegna verkfallsins þegar það skall á og það hafi ekki legið fyrir fyrr en verkfallinu lauk. Að þessu virtu komast framan greindar málsástæður aðila að í málinu.

Málatilbúnaður stefnanda verður ekki skilinn með öðrum hætti en svo að á því sé byggt að hann hefði haldið áfram að vera í launalausni fríi en mögulega komið til starfa á Örfirisey RE-4 í næstu veiðiferð sem hefði verið farin ef ekki hefði komið til sjómannaverkfalls og ef hann hefði verið vinnufær á þeim tíma. Í máli þessu liggja ekki fyrir gögn sem sýna með óyggjandi hætti hvort búið hafi verið að skipu leggja og ákveða tímasetningu næstu veiðiferðar á skipinu ef ekki hefði komið til verkfalls sjómanna. Að mati dómsins er ekki unnt að fullyrða með nákvæmum hætti hvenær skipinu hefði verið haldið næst til veiða hefði ekki komið til verkfalls. Hins vegar þegar litið er til ársins á undan, sbr. lögskráningaryfirlit stefnanda, þar sem fram kemur að skipinu var haldið til veiða 2. janúar 2016, að loknu hafnarfríi vegna jólaleyfis, sbr. 1.14 í kjarasamningi SFS og SSÍ, þá eru að mati dómsins að minnsta kosti meiri líkur en minni á því að skipinu hefði verið haldið til veiða í janúarmánuði 2017, fljótlega að loknu hafnarfríi vegna jólaleyfis, ef ekki hefði komið til verkfallsins. Þá liggur einnig fyrir að skipinu var haldið til veiða strax að loknu verkfalli 19. febrúar 2017 og bendir það til þess að engir aðrir utan aðkomandi þættir hafi staðið í vegi fyrir því að skipinu hefði verið haldið til veiða í janúar sama ár að loknu jólaleyfi ef ekki hefði komið til umrædds verkfalls.

Stefnandi var í launalausni fríi á grundvelli skiptimannakerfis þegar verkfall skall á 14. desember 2016 en á þeim tíma var hann ekki orðinn óvinnufær vegna veikinda. Hann varð hins vegar óvinnufær vegna veikinda 17. janúar 2017 þegar nokkuð var liðið á verkfallið. Líkt og fram kemur í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 306/1995 ber að leggja til grundvallar þá almennu reglu, að þegar launþegi eigi rétt til launa í forföllum vegna veikinda eða slyss, hefjist réttindatímabil við upphaf veikinda eða þegar slys ber að höndum. Hvað sjómenn varðar, er hins vegar gerð sérstök undantekning frá þessari reglu í 2. málsl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985, en þar greinir, að sé skipverji í launalausni fríi þegar hann veikist eða slasist, taki hann laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju. Í lögum nr. 35/1985 er hins vegar ekki mælt sérstaklega fyrir um áhrif verkfalls á rétt skipverja til launa í veikindaföllum, hvorki þegar það hefst í kjölfar launalauss frís né á veikindatímabili. Í þessu sambandi ber hins vegar að leggja til grundvallar almennar meginreglur vinnuréttar um réttarstöðu manna í verkfalli. Verkfall er félagsleg aðgerð en raskar ekki ráðningarsambandi milli einstakra launamanna og atvinnurekenda. Starfsmaður í launalausni fríi er til jafns við aðra launamenn sem tilheyra sama stéttarfélagi bundinn af verkfalli sem það stéttarfélag stendur fyrir, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 3.

gr. laga nr. 80/1938. Réttarsamband starfsmanna og atvinnurekenda fellur hins vegar niður á meðan verkfall varir og eru aðilar ekki bundnir af ákvæðum ráðningar samnings á þeim tíma. Af þessu leiðir að meginskyldur ráðningarsamnings falla niður og starfsmaður í verkfalli fær ekki greidd laun eða veikindalaun frá atvinnu rekanda. Af þessu leiðir einnig að starfsmaður í launalausú fríi við upphaf verkfalls hættir að njóta þeirrar réttarstöðu en fær í staðinn réttarstöðu starfsmanns í verkfalli. Réttarstaða stefnanda breyttist þannig við upphaf verkfallsins 14. desember 2016 og var hann á þeim degi og fram til 19. febrúar 2017 ekki lengur í launalausú fríi en þess í stað í verkfalli. Þá verður þessu tvennu ekki jafnað saman í framangreindu tilliti. Að þessu virtu þykir dómur Hæstaréttar í máli nr. 270/1990, sem birtur er í dómasafni 1992 á bls. 1002, og stefnandi vísaði til við aðalmeðferð til stuðnings dómkröfum sínum, ekki hafa nægjanlegt fordæmisgildi fyrir úrlausn málsins.

Vegna verkfalls sjómanna frá 14. desember 2016 til 19. febrúar 2017, sem náði til stéttarfélags stefnanda, gátu skipsstörf ekki hafist fljótlega að loknu jólaleyfi í janúar 2017, eins og miða verður hér við. Telja verður eðlilegt að stefnandi beri áhættu af því að verkfall stéttarfélags hans kom í veg fyrir að vinna á skipi stefnda hæfist þegar að loknu fríinu. Samkvæmt framangreindu, og með vísan til fyrrgreinds Hæstaréttardóms í máli nr. 306/1995, verður að skýra ákvæði 36. gr. laga nr. 35/1985 með þeim hætti að skipverji eigi rétt til launa í forföllum vegna veikinda eða slyss frá þeim tíma sem hann veikist ef hann er á sjó, en að öðrum kosti frá þeim tíma sem honum hefði verið skylt að hefja störf að nýju að loknu launalausú fríi, en verkfall á því tímasteiði raski ekki upphafsmarki þess heldur valdi því að réttur til forfallalauna glatist meðan á verkfallinu stendur. Forsendur Hæstaréttardóms nr. 306/1995 hafa almenna skírskotun og leiðbeiningargildi þegar reynir á samspil veikindaréttar sjómanns og réttaráhrifa verkfalls. Að því virtu hefur dómurinn fordæmisgildi fyrir úrlausn máls þessa.

Að framangreindu virtu verður lagt til grundvallar, eins og hér stendur á, að réttur stefnanda til greiðslu veikindalauna hafi stofnast 17. janúar 2017 þegar hann varð óvinnufær, miðað við veiðiferð sem hefði hafist fljótlega að loknu hafnarfríi vegna jólaleyfis í janúar 2017, ef ekki hefði komið til verkfalls, og tímabil veikinda launa byrjað að líða við sama tímamark. Vegna verkfalls stéttarfélags stefnanda féll skylda stefnda til greiðslu veikindalauna niður þar til verkfallinu var aflýst 19. febrúar sama ár og raknaði þá við skylda stefnda til greiðslu veikindalauna til stefnanda. Stefndi greiddi staðgengilslaun til stefnanda samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985 frá 20. febrúar til 20. mars 2017, til samræmis við það að veik indalaunatímabil stefnanda hófst við tímamark óvinnufærni, og síðan kauptryggingu í tvo mánuði í samræmi við 2. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985. Stefndi hefur

Þannig staðið við greiðsluskuldbindingar sínar gagnvart stefnanda miðað við veikindarétt hans samkvæmt framangreindum lagaákvæðum, sbr. gr. 1.03 og 1.21 í kjarasamningi SSÍ og SFS, að teknu tilliti til réttaráhrifa verkfallsins.

Að öllu framangreindu virtu verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti mál þetta Jónas Þór Jónasson lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Guðmundur Siemsen lögmaður.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, HB Grandi hf., er sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ólafs Bjarna Stefánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Daði Kristjánsson